Fjármála- og áhættustýringarsvið

Fjárhagsáætlun 2027

Kynning í borgarráði, 30. október 2026

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fjárhagsáætlun 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	41.274	58.960	52.716	-6.244
Tekjur samtals	**41.274**	**58.960**	**52.716**	**-6.244**
Laun og launatengd gjöld	1.012.123	1.118.546	1.101.204	-17.342
Annar kostnaður	297.696	272.838	267.632	-5.206
Rekstrargjöld samtals	**1.309.818**	**1.391.383**	**1.368.836**	**-22.547**
Rekstrarniðurstaða	**1.268.545**	**1.332.423**	**1.316.120**	**-16.303**

Fjárhæðir í þús. kr.

-1,2%

lækkun fjárhagsramma frá endurskoðaðri áætlun 2026

16,3 m.kr.


lækkun rekstrarniðurstöðu milli ára

2,5%

hagræðingarkrafa, eða 32 m.kr.


Sundurliðun útgjalda

Sundurliðun á skrifstofur



**Áhættustjóri fellur undir skrifstofu sviðsstjóra FAS*

Sundurliðun á tegund útgjalda



Starfsfólk og helstu breytingar

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi stöðugilda	**66,3**	**70**	**68**
Eftir skrifstofum:			
Skrifstofa sviðsstjóra	8	10	10
Áhættustjóri	1	1	1
Skrifstofa áætlana og hagmála	6,9	7	7
Skrifstofa bókhalds og uppgjörs	27,5	29	27
Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu	9	9	9
Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa	13,9	14	14

- Stöðugildum fækkar úr 70 í **68** milli ára
- **Fækkun um tvö stöðugildi** á skrifstofu bókhalds og uppgjörs vegna 2,5% hagræðingarkröfu
- Verkefni **eignaskrifstofu** voru flutt til USK með skipulagsbreytingum í september 2025

Áhrif aðgerða á ramma FAS

Aðgerðir FAS 2027 – niðurlagning 11 stöðugilda	Áhrif aðgerða	Rammi 2027
Rekstrarniðurstaða áætlunar 2027		1.316.120
Áhrif aðgerða á ársgrundvelli	-155.000	
Áhrif aðgerða á árinu 2027	-126.400	
Áður útfært í ramma (hagræðingarkrafa 2,5%)	32.000	
Viðbótaráhrif á ramma 2027	**-94.400**	**-94.400**
Rammi 2027 eftir aðgerðir		**1.221.720**

Fjárhæðir í þús. kr.

-8,3%

lækkun fjárhagsramma frá endurskoðaðri áætlun 2026

110,7 m.kr.

lækkun ramma milli ára

14%

hagræðingarkrafa á laun á ársgrundvelli

16%

fækkun stöðugilda (11 stöðugildi)

Verkefni og áherslur

Leiðarljós og meginmarkmið

„Fjármálum Reykjavíkurborgar er stjórnað á skilvirkan og ábyrgan hátt.“

Skilvirk fjármálaþjónusta

Trausta ferla
Þjónustuferlar skrásettir, skýrir og aðgengilegir

Aukna sjálfvirkni
Sjálfvirk ferli einfalda upplifun og auka áreiðanleika

Nútímaleg kerfi
Staðlaðar lausnir og þróun kerfa í takt við tækninýjungar

Skýra mælikvarða
Þjónustustig í stöðugri þróun í takt við þarfir notenda

Öflug framþróun

Þverfaglega samvinnu
Hæfni til samstarfs í þverfaglegum teymum

Miðlun þekkingar
Þekking og reynsla byggð upp og miðlað skipulega

Frjótt umhverfi
Unnið í auknum mæli í verkefnadrifnu umhverfi

Einn vinnustað
Sömu viðmið – gagnrýnin á eldri hefðir

Farsæl ákvarðanataka

Öflugar upplýsingar
Áreiðanlegar og reglubundnar upplýsingar með tímanlegum gögnum

Skýrar boðleiðir
Beiðnir í einn farveg – samfella, rekjanleiki og jafnræði

Markvissar greiningar
Greiningar sem auka skilning, innsýn og aðhald stjórnenda

Virka stýringu
Samræmd nálgun í allri fjármálastjórnun borgarinnar

Fjármálastefna

1 Grunnreglur 2 Áætlanagerð 3 Stefnur og kerfi

Helstu verkefni fjármála- og áhættustýringarsviðs

1. **Áhættuvilji og áhættumörk** (6.1)
1. **Reglur um varúðarsjóð** (3.1, 6.4)
1. **Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar** (1.2, 3.3)
2. **Verklag við áhættumat og álagspróf** (6.2)
3. **Lánastefna** (5.2)
3. **Fjárfestingastefna lausafjármuna** (5.2, 6.4)

Verkefni í samvinnu við fag- og kjarnasvið

1. **Verklag vegna fjárfestinga og fjárfestingaáætlunar** (4.2)
1. **Gjaldskrárstefnu** (3.2)
2. **Áhættustýring í áætlanagerð** (6.1–6.2)
2. **Matstæki vegna forgangsröðunar** (2.2, 4.2)
2. **Stefnumiðuð áætlanagerð** (1.2)
2. **Eftirlit með útgjöldum og frávikum** (3.3)

Fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar

Nýtt fjárhagskerfi – undirbúningur og innleiðing

Staðan

- Fjárhagskerfi borgarinnar er komið á **enda líftíma**
- Undirbúningur að **útboði** kominn vel á veg
- Gert ráð fyrir að nýtt kerfi verði **valið vorið 2027**

Framundan

- Á næstu árum mun reyna á **innri ferla** borgarinnar
- Aðlögun að nýju kerfi og tengdum kerfum
- Áfram unnið að **framtíðarhögun fjárhagsgagna**

Kerfaumhverfi FAS (dæmi)

- **Fjárhagskerfi:** bókhald, áætlana-, eigna- og lánakerfi
- **Stoðkerfi:** útboð, eignaumsjón, stafrænt vinnuafl, verkbeiðnir
- **Gögn og greiningar:** gagnalandslag, Power BI, sérfræðiskýrslur, opin fjármál

Bókhald og uppgjör – rafræn umbreyting

Áherslur skrifstofu bókhalds og uppgjörs

Rafrænir reikningar

- Umbætur í verkferlum með innleiðingu **rafrænna reikninga**
- Eingöngu tekið við rafrænum reikningum frá **ársbyrjun 2027**
- Stefnt að því að um **97%** reikninga berist rafrænt

Bætt eftirlit með innkaupum

- Rafræn viðskipti og reikningar gera kleift að skoða innkaup niður á **vörulínur og birgja**
- Stuðlar að bættu **eftirliti með innkaupum**
- Áfram unnið að fækkun **innkaupakorta**

Áfangar í rafvæðingu

- **2026:** Rafræn innkaupakort innleidd – öll gögn berast rafrænt
- **2026:** Rafrænar beiðnir í stað pappírsbeiðna
- **2027:** Eingöngu tekið við rafrænum reikningum

Fjárstýring og innheimta

Verkefni sem verða í forgrunni 2027

Kerfi

- Innleiðing á **skuldabréfakerfi**
- **Frumskoðun á fjárstýringarkerfi**, sbr. athugasemdir KPMG um fjárhagskerfi

Sjálfvirkni og gögn

- Aukin **sjálfvirkni** í verkferlum, m.a. með tengingum fjárhagskerfis við ytri kerfi
- Hagnýting **gagnalandslags** við upplýsingagjöf og greiningar

Gervigreind

- Skipuleg nýting **gervigreindar**, t.d. við:
  - frumsvörun innsendra erinda
  - gerð spálíkana
  - afstemmingar

Áætlanir og hagmál

Verkefni sem verða í forgrunni 2027

Áætlanagerð

- Nýtt kerfi og ný ferli við gerð **launaáætlunar**
- Innleiðing á **heildstæðu áætlanakerfi**
- Eftirfylgni með **fjármálastefnu og fjárhagsáætlun**
- Innleiðing áherslna **OECD í fjárhagsáætlanagerð**
- Samþætting **áhættustýringar og áætlanagerðar**

Hagmál

- Reglubundnar **sviðsmyndagreiningar**
- Efla greiningar á helstu **tekju- og útgjaldaliðum**
  - Útsvar og fasteignagjöld
  - Lífeyrisskuldbinding
  - Fjármagnsliðir
- Greiningar á þróun í **efnahagsmálum** og mat á **forsendum fjárhagsáætlunar**

Líkanagerð

- Þróun líkans fyrir **sviðsmyndagreiningar**
- Gerð líkans fyrir **mánaðarlega útkomuspá**
- Áframhaldandi þróun við gerð **úthlutunarlíkana**
- Spálíkan fyrir **íbúaþróun** og **þjónustuþörf**

Innkaupastefna 2026–2030

Fjögur innkaupagildi sem koma til framkvæmda á öllum stigum innkaupa

Ábyrg innkaup

- Umhverfisleg, félagsleg og efnahagsleg **sjálfbærni**
- Réttindi og launakjör starfsfólks í allri **virðiskeðjunni**
- Minna kolefnisspor og **hringrásarhagkerfi**

Hagkvæm innkaup

- **Samræmd innkaup** og innkaupaáætlanir þvert á svið
- **Miðlægir samningar** og stærðarhagkvæmni
- Gæði, ending og **heildarkostnaður** – ekki aðeins lægsta verð

Gagnsæ innkaup

- **Jafnræði** bjóðenda og hlutlægar kröfur
- Rekjanlegar ákvarðanir og **skjölun** á öllum stigum
- Skýr, tímanleg og regluleg **upplýsingagjöf**

Nýskapandi innkaup

- Svigrúm fyrir **nýjar lausnir** í útboðsgögnum
- **Virkt samtal** við markað, stofnanir og rannsóknaraðila
- Ávinningur nýsköpunar **mældur**

Undirbúningur	Innkaupaferli	Samningstími	Uppgjör samnings
Þarfagreining, markaðskönnun og samráð	Samræmt verklag, sniðmát og valforsendur	Virk samningsstjórnun og reglulegt eftirlit	Árangur metinn og lærdómur nýttur

Framkvæmd: FAS samhæfir innleiðingu og eftirfylgni ásamt innkaupa- og framkvæmdaráði • Árlegt stöðumat • Rýnd í upphafi árs 2027

Innkaup, ráðgjöf og rekstrareftirlit

Áherslur skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa

Hagræðing og samræming

- Greina tækifæri til **hagræðingar** í innkaupum og rekstri borgarinnar
- Áhersla á **samræmd innkaup** og stærðarhagkvæmni
- Fylgja eftir **frávikum** í rekstri fagsviða
- Móta tillögur að aukinni **samræmingu vinnulags** við fjármála- og rekstrarstjórnun þvert á svið

Eflt eftirlit

- Eftirlit samkvæmt **eftirlitsáætlun** skrifstofunnar eflt
- **Stafrænt eftirlit** með nýtingu miðlægra samninga
- Athugun á hugsanlegri **útboðsskyldu** innan einstakra sviða og/eða miðlægt
- Handahófskenndar **úrtaksathuganir** á einstökum samningum

Ferli og samningsstjórnun

- Lokið við uppfærslu **innkaupaferla** í samræmi við innkaupastefnu 2026–2030
- Bæði við undirbúning innkaupa og í innkaupaferlinu sjálfu
- Efld eftirfylgni með **samningsstjórnunaráætlunum** kaupenda á samningstímanum

Áhættustýring

Virkur og samþættur þáttur í fjármálastjórn. Áhættumat og álagspróf liggja til grundvallar ákvörðunum um fjárhagsáætlanir, fjárfestingar og fjármögnun.

Áherslur síðustu ára

- Áhættur í **rekstrarferlum**
  - Launa-, innkaupa-, áætlunar- og viðhaldsferlar (rakaskemmdir)
- Áhættur í **uppbyggingarferlum**
  - Skipulags- og byggingarferli
- **Skráning atvika**
- Greining á helstu **áhættum eigenda**
  - Strætó, Félagsbústaðir, Ljósleiðarinn, Carbfix

Í vinnslu

- Aðgengi að gögnum – **samtenging gagna**
- Undirbúningur **líkana** til að stýra og stjórna áhættu
- Endurskoðun **áhættustefnu**
- **Áhættuvilji** og mörk
  - Stefnumið, viðvörunarmörk og hámörk
- **Álagspróf** og skilgreining áfalla
  - Styrkur og tímalengd áfalla sem þarf að standast

Næstu skref

- Virk áhættustýring í **fyrstu varnarlínu**
- Byggja upp **stuðning við stjórnendur**
  - Aðferðafræði, líkön, stjórnborð og reglubundin upplýsingagjöf
- Byggja upp **matsaðferðir** við mat á óvissu og áhættu fjárfestinga
- Koma á **stjórntækjum fjármálastefnu**
  - Varnir og varúðarsjóðir
  - Lána- og eignastýring
  - Forsendur og eftirlit

Fjárhagslíkön og gagnadrifnar lausnir

Áhersla á þróun og innleiðingu fjárhagslíkana og gagnadrifinna lausna

Í notkun	Í vinnslu	Í undirbúningi
• Bættar stjórnendaskýrslur **„Stjórnandinn“** • Áhersla á hagnýtingu á **gagnalandslagi** borgarinnar	• **Sérskólalíkan** • **Sjálfvirk útkomuspá** borgarinnar • Spálíkan um **íbúaþróun og þjónustuþörf**	• **Velferðarlíkanið Freyja** – undirbúningur að fara af stað

Umbótaverkefni

Umbætur með innri stefnu FAS

Teymisvinna	Ferlar og þjónusta	Stafrænir ferlar
• Aukin **teymisvinna** og fagleg umgjörð **verkefnastjórnunar**	• Markvissar **ferlagreiningar** á starfsemi sviðsins • Innleiðing á **þjónustustefnu borgarinnar** í ferli sviðsins	• Rýnd verða enn frekari tækifæri í **stafrænum ferlum** • Sérstaklega í tengslum við innleiðingu á **nýju fjárhagskerfi**



Reykjavík